



Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið,  
Skrifstofa samgangna

Þórshöfn 6. mars 2019

## **Efni: Ferðumst saman - Drög að stefnu í almenningssamgöngum. Mál nr. S-47/2019**

Eftirfarandi umsögn/bókun var samþykkt á fundi byggðaráðs Langanesbyggðar fimmtudaginn 28. febrúar sl.

*Um leið og byggðaráð Langanesbyggðar fagnar því að samþætta eigi almenningssamgöngur á landinu, mótmælir byggðaráð harðlega þeim hugmyndum að skerða flugsamgöngur m.a. við norðaustur hluta landsins, þ.e. Þórshöfn og Vopnafjörð. Þessar skerðingarhugmyndir eru einnig í ósamræmi við hina svokölluðu skosku leið sem gert er ráð fyrir í fyrirliggjandi samgönguáætlun. Jafnframt verður að teljast að einstök markmið, um fyrirhugaðan niðurskurð á flugsamgöngum, gangi gegn megin markmiðum samþykktarinnar um samfélagslegt hlutverk hennar, þ.e. eflingu lífsgæða með aðgangi að skilvirku og heildstæðu almenningssamgöngukerfi og aukinni þjónustu, tryggu aðgengi að opinberri þjónustu í nærumhverfi sem og á höfuðborgarsvæðinu.*

- Í samgönguáætlun 2019-2033 sem var lögð fyrir Alþingi á haustþingi voru metnaðarfull markmið. Meðal þeirra var lagt fram það markmið að íbúar landsbyggðarinnar eigi kost á að komast til höfuðborgarinnar á um 3½ klst. með samþættum ferðatíma, akandi, með ferju eða í flugi. Á sama tíma eru lögð fram umrædd drög að stefnumörkun í almenningssamgöngum þar sem lagt er til að leggja af ríkisstyrk á innanlandsflugi til Vopnafjarðar/Þórshafnar og lögð áhersla á að styrkja almenningssvagna.*
- Ætla má að ferðatími með strætisvagni til Húsavíkurflugvallar frá Þórshöfn og flugi til Reykjavíkur, eins og gert er ráð fyrir í áætluninni, verði um 5 klst. aðra leiðina með viðkomu á Raufarhöfn og Kópaskeri.*
- Ökutími milli Þórshafnar og Reykjavíkur er um 7-8 klst. í einkabíl í góðri færð. Ferðatími yrði því um 10-12 klst. með strætisvagni. Það segir sig sjálft að hugmyndir um niðurskurð á flugi og bættum almenningssamgöngum fara ekki saman.*
- Tilvist flugvallarins á Þórshöfn og við aðra þéttbýlisstaði er nauðsynlegur þáttur í öryggi íbúa, þar sem sjúkraflug er nokkuð algengt á svæðinu. Dæmi eru um þar sem sjúkraflug hefur skipt öllu máli við að koma sjúklingum undir læknishendur hratt og örugglega.*

- *Veðurfar á Norðausturlandi býður ekki upp á að íbúar svæðisins reiði sig einvörðungu á vegasamgöngur, sér í lagi á stað eins og í Langanesbyggð þar sem allar slíkar samgöngur eru um langa fjallvegi, en aðrar almenningsamgöngur eru ekki í boði fyrir íbúa á svæðinu.*

*Af þessum ástæðum vill byggðaráð leggja þunga áherslu á mikilvægi þess að flugþjónusta til Vopnafjarðar og Þórshafnar verði ekki skert. Það skiptir miklu máli að fjarlægjar byggðir landsins búi við traustar og skilvirkar almennings- og sjúkrasamgöngur. Flug fyrir íbúa á þessu svæði er því ekki ósvipað og ferjur eru fyrir Vestmannaeyinga, íbúa í Grimsey og Hrísey, þ.e. nauðsynlegur valkostur.*

Fundargerðina má nálgast á vef sveitarfélagsins.

Virðingarfyllt  
f.h. Langanesbyggðar



Elías Pétursson, sveitarstjóri

*Bréfi þetta er sent með í gegn um Samráðsgátt*